

## ✉ Tilkynning til stjórnvalds um kæru nr. 102/2023

Búið til	25.8.2023 12:01:13
Höfundur	Hera Elfarsdóttir
Mótttekið dags.	25.8.2023 11:53:14
Tilheyrir	📁 USK23030174 - Drápuhlíð 2

### Efni

Tilkynning til stjórnvalds um kæru nr. 102/2023

### Upplýsingar

### Vinnsla

Mótttekið dags.	25.8.2023 11:53:14	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	09.05.01 Byggingarmál, framkvæmdir		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	██ ██ ██ ██ ██

### Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 16. ágúst 2023 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa 15. ágúst 2023 um að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Athygli er vakin á því að kærandi hefur boðað frekari rökstuðning eftir helgi.

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,  
f.h. nefndarinnar

**Póra K. Ottósdóttir, lögfræðingur**

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 575 8710

[www.uua.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C753af3ec9de14dccb23308dba561e0b7%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638285613199528246%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=9118HWZjTK06qvMpQEIQI7Inj9hEyEg0oxhjNTKoBAI%3D&reserved=0) (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C753af3ec9de14dccb23308dba561e0b7%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638285613199528246%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=9118HWZjTK06qvMpQEIQI7Inj9hEyEg0oxhjNTKoBAI%3D&reserved=0) - Fyrirvari/Disclaimer (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C753af3ec9de14dccb23308dba561e0b7%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638285613199528246%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=zYnK9lZipPnTpTYVAwbTNmR%2FgufAnuZpg3s3zapRndo%3D&reserved=0)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.  
Please consider the environment before printing and choosing transport.

## Viðhengi

Tilkynning um afgreiðslu máls - 15\_ ágúst 2023.pdf (110 KB)

Drápuhlíð 2.pdf (847 KB)

Drápuhlíð 2 umsögn USK23030174.pdf (214 KB)

## Póra Kristín Ottósdóttir - UUA

---

**From:** Sveinn Orri Tryggvason [REDACTED]  
**Sent:** miðvikudagur, 16. ágúst 2023 14:25  
**To:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA  
**Cc:** Steinunn Ósk Konráðsdóttir  
**Subject:** FW: Drápuhlíð 2 - USK230174  
**Attachments:** Tilkynning um afgreiðslu máls - 15\_ ágúst 2023.pdf; Drápuhlíð 2 umsögn USK23030174.pdf

Sæl,

Ég hef hug á að kæra þennan útskurð enda finnst mér hreinlega verið að brjóta á rétti mínum út þó ekki væri nema út frá jafnræðisreglu. Nú var fyrri umsögn jákvæð og búið að samþykkja tilboð í verkið samhliða framkvæmdun við drenlög. Þessi óvænti úrskurður skipulagsfulltrúa setur allt í uppnám.

Muna hafa samband við ykkur varðandi frekari leiðbeiningar varðandi kærufærlíð en hér fyrir neðan eru nokkur rök sem ég tel styðja mitt mál og íbúa Drápuhlíðar 2.

1. Sagt að það þurfi að bakka út frá bílastæðinu og út á hraðahindrun
  - a. Hleðsla bílsins er að aftanverðu og því myndi vera bakka inn í stæðið.
  - b. Hraðahindrun var sett upp á sínum tíma þegar ekki var til staðar hraðahindrun við gatnamót Reykjahlíðar og Eskihlíðar sem hefur hægt á allri umferð frá Eskihlíð inn Reykjahlíð og því ekki sama þörf á umræddri hraðahindrun.
  - c. Við Mávahlíð 2 er staðsett stæði fyrir 2-3 bíla við sömu aðstæður. Jafnræðiregla brotin.
2. Rök að fækka eigi bílastæðum
  - a. Hef búið í Drápuhlíð 2 síðan 1986. Íbúum og bílum hefur fjölgað gríðarlega frá þeim tíma. T.d. eru 12 bílar sem tilheyra íbúum Drápuhlíðar 3 en fyrir 5 árum voru þar 4 bílar. Útleiga á herbergjum á 2 hæð og risi ásamt íbúð í bílskúr hefur orðið til þess að fjölga bílum í Drápuhlíð 3. Sama á við um Drápuhlíð 10a og 10b sem bílskúrum var nýlega breytt í húsnæði. Bílastæðum hefur því í raun fækkað umtalsvert á hvern íbúa. Fækka þarf því íbúum umtalsvert ef fækka á bílastæðum.
  - b. Bílum lagt alla daga í Eskihlíð frá Reykjahlíð að Blönduhlíð sem var aldrei til staða fyrir 5 árum síðan.
  - c. Nota einn bíl í dag í stað tveggja sem þýðir að bílnum er oftari ekið í bílastæði sem reynist erfitt að finna stæði aftur.
3. Ljósastaur og umferðarskilti standa sitthvoru megin við og þrengja aðkomu.
  - a. Síðan hvenær hefur það verið til vandræða að bakka inn í stæði með 6 metra bili? Flest bílahús í Reykjavík eru samkvæmt þessum forsendum ónothæf.
  - b. Drápuhlíðin er til þess að gera breið gata og beygjuradíus því alveg nægjanlegur þó að bílum sé lagt handan götunnar.
4. Jafnræðisreglan og deiliskipulag
  - a. Nú var fyrir 2 árum sett inn á lóð við Blönduhlíð 1 rúmlega 8 metra breytt bílastæði sem er með innkeyrslu frá Eskihlíð. Liggur að okkar lóðarmörkum.
  - b. Ætti því að vera auðvelt fyrir okkur að færa okkar bílastæði að þeim lóðamörkum og þá með útkeyrslu út í Eskihlíð. Þarf að sækja um bygginarleyfi fyrir þeirra framkvæmt eða er næganlegt að breyta staðsetningunni? Sé ekki að skipulagsfulltrúi geti hafnað þeirri staðsetningu en umræddi stæði við hliðina fullkláráð og nýtt í dag.
  - c. Man ekki eftir því að það hafi verið tilkynnt að fyrra deiliskipulag hafi verið lagt niður. Ætti því að njóta sömu réttinda eins og nágrenni minn í Blönduhlíð 1.
5. Umhverfismál

- a. Það er væntanlega stefna Borgarinnar að stuðla að rafbílavæðingu. Hvers vegna er því borgin að leggja stein í götu þeirra sem vilja taka þátt í þeirri vegferð?
  - b. Er stefnan að þvinga íbúa til að skipa um húsnæði ef skipta á frá jarðaefnaeldsneyti yfir í rafmagn?
6. Aukin slyshætta gangandi vegfaranda
- a. Fjöldin allur er nú farinn að leggja að húsum sínum sömu megin í Drápuhlíð og annars staðar í Hlíðunum til að hlaða bílanna sína og þá skaga þeir út á gagnstétt. Er það leiðin sem þið viljið frekar að sé farin?
  - b. Fjöldin allur að útkeyslum frá húsnæði um allt hverfið t.d. umrædd stæði við Mávahlíð 2. Ekki heyrt að slysi af þessum völdum þau 36 ár sem ég hef búið í Hlíðunum.
  - c. Ætti að horfa til Eskihlíðar. Nýtt stæði við Blönduhlíð 1 og Blönduhlíð 2 sem eru með útkeyslu á milli bíla sem lagt er í Eskihlíð.

Bestu kveðjur,

Sveinn Orri Tryggvason  
[REDACTED]

Kær kveðja / Best regards

**Sveinn Orri Tryggvason**

Forstöðumaður / Director  
Búnaðarsala / Product Sales  
Origo: +354 516 1000

**origo.is**



[Fyrirvari / Disclaimer](#)



**From:** Guðrún Ósk Hrólfsdóttir [REDACTED]  
**Sent:** miðvikudagur, 16. ágúst 2023 08:07  
**To:** Sveinn Orri Tryggvason [REDACTED]  
**Subject:** Drápuhlíð 2

Ágæti viðtakandi - í viðhengi má finna niðurstöðu afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 15. ágúst 2023.

USK23030174

Best er senda spurningar vegna tölvupósts á [byggingarfulltrui@reykjavik.is](mailto:byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Með bestu kveðju,

Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Skrifstofufulltrúi hjá byggingarfulltrúa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Höfðatorg - Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111



KRAFTUR - HÓFSEMD - SAMVINNA - VINSEMD



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 102/2023, móttekin 16. ágúst 2023, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 15. ágúst 2023 um að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.**

### Málavextir

Kærendur sótti um leyfi til þess að staðsetja tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlíð lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 25. júlí 2023 var málinu vísað til umsagnar og/eða grenndarkynningar skipulagsfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi vísaði málinu til meðferðar verkefnastjóra þann 27. júlí 2023 sem skilaði neikvæðri umsögn, dags. 3. ágúst 2023. Málið var þá lagt fram að nýju á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þriðjudaginn 15. ágúst s.l. þar sem umsókn kæranda var synjað með vísan í neikvæða umsögn skipulagsfulltrúa.

### Kröfugerð

Kærendur krefjast þess að ákvörðun byggingarfulltrúa um synjun á umsókn bílastæði innan lóðar verði felld úr gildi. Málástæður kæranda eru vel tíundaðar í greinagerð, dags. 26. ágúst 2023 og vísast til hennar og annarra fylgigagna kærunnar.

Reykjavíkurborg fer fram á að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

### Afstaða Reykjavíkurborgar

Eldri umsögn skipulagsfulltrúa um samhljóða fyrirspurn umsækjanda, dags. 30. júní 2022, þar sem tekið var jákvætt í erindið var dregin til baka með nýrri umsögn, dags. 3. júní s.l. Þegar hefur verið beðist velvirðingar á því en við gerð þeirrar umsagnar var ekki horft nægjanlega vel til aðstæðna m.t.t. aðkomu að fyrirhuguðu bílastæði.

Staðsetning umsótttra bílastæða á lóðinni er þannig að til þess að aka frá stæðunum þarf ekki einungis að bakka yfir gangstétt heldur einnig út á hraðahindrun sem er jafnframt gönguverun yfir Drápuhlíð við gatnamót Reykjahlíðar. Það er mat embættis skipulagsfulltrúa að augljós slysaætla fyrir gangandi vegfarendur, sérstaklega börn, myndi skapast ef bílastæðin væru staðsett á þessum stað.



Líkt og fram kemur í umsögn, dags. 3. júní 2023 er þá einnig talið að ljósastaur og umferðaskilti þrengi beygjuradíus aðkomunnar að bílastæðunum svo enn sé aukið á slyshættuna, bæði fyrir gangandi vegfarendur og kyrrstæða bíla í merktum stæðum handan götunnar.

Í 12.10.1. gr. byggingarreglugerðar segir að aðkoma að hverri byggingu, bílastæði og almennt göngusvæði að byggingu skuli þannig staðsett og frágengin að aðgengi að byggingunni sé auðvelt öllum og ekki skapist slyshætta á svæðinu. Verður því að telja að málefnaleg sjónarmið liggja að baki umsögn skipulagsfulltrúa og synjun byggingarfulltrúans í Reykjavík

Kærandi bendir á að í næstu götum megi sjá bílastæði inn á lóðum þar sem aðstæður eru áþekkar þeim sem hér er um deilt. Hins vegar verður ekki séð að þar sé um að ræða stæði sem hafi verið samþykkt af borgaryfirvöldum á þessari öld. Á síðustu áratugum hafa viðhorf til umferðaröryggis tekið stakkaskiptum enda fólksfjölgun orðið til þess að öll umferð hefur stórukist. Ekki eru uppi sambærilegar aðstæður nú eins og þegar önnur áþekk stæði voru tekin í notkun á svæðinu fyrir nokkrum áratugum.

Hvað varðar bílastæði á aðliggjandi lóð, Blönduhlíð 1, þá virðist vera um ósamþykkt stæði að ræða. Engin gögn liggja fyrir hvað varða þessi nýju stæði enda má sjá á ljósmynd sem fylgdi kæru að ekki hefur verið tekinn fleygur úr gangstéttarkanti. Ólíklegt er að skipulagsyfirvöld myndu samþykkja nýtt stæði með útkeyrslu á þessum stað m.t.t. umferðaröryggissjónarmiða.

### Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingunni hennar kærðu ákvörðunar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

*Snædís K Bergmann*

---

Snædís Karlsdóttir Bergmann  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða



Árið 2023, fimmtudaginn 16. nóvember, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

**Fyrir var tekið mál nr. 102/2023, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 15. ágúst 2023 að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 26. ágúst 2023, er barst nefndinni 28. s.m., kæra Sveinn Orri Tryggvason, Steinunn Ósk Konráðsdóttir og Auður Vilhelmsdóttir, eigendur íbúða að Drápuhlíð 2, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 15. ágúst 2023 að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Er þess krafist að fallist verði á gerð rafhleðslubílastæða á lóðinni til samræmis við jákvæða umsögn skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2022. Til vara er þess krafist að neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa frá 3. ágúst 2023 verði endurskoðuð „með heimild fyrir rafhleðslustæði innan lóðar við hlið bílastæða við aðliggjandi lóð að Blönduhlíð 1“.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 8. september 2023.

**Málavextir:** Hinn 21. mars 2022 lagði einn kæranda þessa máls fram fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um möguleika á að koma fyrir rafhleðslustöð á lóðinni nr. 2 við Drápuhlíð. Í umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurninni, dags. 30. júní s.á., var tekið jákvætt í erindið, en bent á að sækja þyrfti um byggingarleyfi sem yrði grenndarkynnt. Þá var tekið fram að í vinnslu væri hverfisSKIPULAG fyrir Hlíðahverfi, Háteigshverfi og Öskjuhlíðarhverfi, sem væri ætlað að ná utan um breytingaþætti á borð við bílastæða- og innkeyrslumál, og ráðlagði skipulagsfulltrúi að beðið yrði með byggingarleyfisumsókn þar til skipulagið lægi fyrir.

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 25. júlí 2023 var lögð fram umsókn um leyfi til þess að gera tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlið íbúðarhússins að Drápuhlíð 2. Var málinu vísað til umsagnar og/eða grenndarkynningar skipulagsfulltrúa. Hinn 3. ágúst s.á. skilaði skipulagsfulltrúi nýrri umsögn um áform kæranda þar sem fyrri umsögn var dregin til baka og neikvætt var tekið í erindið. Í niðurstöðu umsagnarinnar kom fram að ekkert deiliSKIPULAG væri í gildi sem heimili bílastæði á lóðinni og þau væru ekki sýnd á mæliblaði eða samþykktum aðaluppdráttum. Bílastæði á þessum stað myndi skapa talsverða slysaþættu, ekki síst fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa synjaði byggingarfulltrúi umsókn kæranda hinn 15. ágúst 2023.

**Málsrök kæranda:** Kærendur benda á að í kjölfar jákvæðrar umsagnar skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 hafi vinna við hönnun stæðanna farið af stað og samþykkt hafi verið tilboð frá verktaka í verkið samhliða framkvæmdum við drenlögn. Óvæntur viðsnúningur skipulags-



fulltrúa setji allt í uppnám og útlagður kostnaður sé verulegur. Gerðar séu athugasemdir við þá afstöðu skipulagsfulltrúa að fyrirhuguð framkvæmd feli í sér aukna slysaþættu fyrir gangandi vegfarenda. Rafhleðslustæðin verði vel sýnileg, hvort sem horft sé til þeirra sem leggi leið sína að horninu frá Reykjahlíð eða Drápuhlíð. Ekkert grindverk sé í garði Drápuhlíðar 2 sem birgi sýn. Þvert á móti muni öryggi aukast þar sem tré verði fjarlægð við ljósastaur, en þau takmarki lýsingu í dag. Víðast hvar í hverfinu séu útkeyrslur beint út á gangstétt en kærendur kannist ekki við slys af þeirra völdum í þau 36 ár sem þau hafi búið í Hlíðunum. Þá sé það ekki rétt að bakka þurfi út af bílastæðunum og út á hraðahindrun þar sem hleðsla rafbíla sé að aftanverðu og því sé bakkað inn í rafhleðslustæðin. Drápuhlíð sé einstefnugata, en hafi upphaflega verið hönnuð sem tvístefnugata og það skýri hversu breið hún sé. Beygjuradíus sé því alveg nægjanlegur þó að bílum sé lagt í stæði handan götunnar.

Fyrir tveimur árum hafi rúmlega 8 m breitt bílastæði verið gert á lóð Blönduhlíðar 1 með innkeyrslu frá Eskihlíð, en sú lóð liggir að lóðamörkum Drápuhlíðar 2. Engin grenndarkynning hafi farið fram þrátt fyrir að ekkert deiliskipulag sé í gildi. Því ættu kærendur væntanlega að geta fært bílastæði þeirra að lóðamörkum og haft aðkomu frá Eskihlíð. Það sé þó verri kostur en núverandi áform út frá öryggissjónarmiðum. Kærendur telji sig þó eiga að njóta sömu réttinda og nágrennar þeirra að Blönduhlíð 1.

Það sé væntanlega stefna borgarinnar að stuðla að rafbílavæðingu og því spyrja kærendur hvers vegna sé verið að leggja stein í götu þeirra sem vilji taka þátt í þeirri vegferð. Eldri hverfi eins og Hlíðarnar hafi þriggja fasa rafmagn með 230 V kerfi en ekki 400 V eins og sé í nýrri hverfum. Í eldri hverfum þurfi því að stilla hleðslutíma rafbíla yfir minnsta álagstíma með rafhleðslustöðvum.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Borgaryfirvöld taka fram að eldri umsögn skipulagsfulltrúa frá 30. júní 2022, þar sem tekið hafi verið jákvætt í fyrirspurn eins kæranda, hafi verið dregin til baka með nýrri umsögn 3. ágúst 2023. Þegar hafi verið beðist velvirðingar á því, en við gerð eldri umsagnar hafi ekki verið horft nægjanlega vel til aðstæðna m.t.t. aðkomu að fyrirhuguðu bílastæði. Eins og fram komi í umsögn skipulagsfulltrúa sé staðsetning bílastæðanna þannig að bakka þurfi yfir gangstétt og út á hraðahindrun sem jafnframt sé gönguþverun yfir Drápuhlíð við gatnamót Reykjahlíðar. Þá sé í umsögninni bent á að ljósastaur og umferðarskilti þrengi beygjuradíus aðkomunnar að bílastæðum sem auki enn fremur á slysaþættuna. Bent sé á að í gr. 12.10.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 segi að aðkoma að hverri byggingu, bílastæði og almennu göngusvæði við og að byggingu skuli þannig staðsett og frágengin að aðgengi að byggingunni sé auðvelt öllum og ekki skapist slysaþætta á svæðinu. Hafi því málefnaleg sjónarmið legið að baki umsögn skipulagsfulltrúa og kærðri ákvörðun byggingarfulltrúa.

Kærendur bendi á að í næstu götum megi sjá bílastæði inn á lóðum þar sem aðstæður séu áþekkar þeim sem hér um ræði. Hins vegar verði ekki séð að þar sé um að ræða stæði sem hafi verið samþykkt af borgaryfirvöldum á þessari öld. Á síðustu áratugum hafi viðhorf til umferðaröryggis tekið stakkaskiptum enda fólksfjölgun orðið til þess að öll umferð hafi stóraukist. Ekki séu því uppi sambærilegar aðstæður nú eins og þegar önnur áþekkt stæði hafi verið tekin í notkun. Hvað varði bílastæði á aðliggjandi lóð Blönduhlíðar 1 þá virðist vera um ósamþykkt stæði að ræða. Ólíklegt sé að skipulagsyfirvöld myndu samþykkja nýtt stæði með útkeyrslu á þessum stað m.t.t. umferðaröryggissjónarmiða.

**Viðbótarathugasemdir kæranda:** Kærendur vísa til þess að hraðahindruninni hafi verið komið fyrir árið 2010 fyrir framan fyrirhugaða innkeyrslu, en samkvæmt þinglýstum eignaskiptasamningi frá 10. maí 1962 hafi verið gert ráð fyrir bílskúr á lóð Drápuhlíðar 2.

Hraðahindrunin sé töluvert innar í götu en sambærilegar hraðahindranir við gatnamót í Hlíðunum. Margoft hafi verið óskað eftir því að hún verði færð nær gatnamótunum vegna mikillar vatnssöfnunar og hálkumyndunar sem skapi slyshættu. Ávallt hafi þau svör borist frá byggingarfulltrúa að málið sé afgreitt.

Kærendur hafi komist að því að ástæða þess að umsögn skipulagsfulltrúa hafi upphaflega verið jákvæð hafi verið sú að þá hafi verið litið svo á að til stæði að gera eitt bílastæði en ekki tvö. Við málsmeðferð byggingarleyfisumsóknarinnar hafi þó aldrei komið athugasemd frá byggingarfulltrúa um að teiknuð væru tvö stæði en ekki eitt.

**Niðurstaða:** Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Úrskurðarnefndin tekur því lögmati kærðrar stjórnvaldsákvörðunar til endurskoðunar en tekur almennt ekki nýja ákvörðun í máli. Fellur það því utan valdheimilda úrskurðarnefndarinnar að leggja fyrir byggingarfulltrúa að samþykkja byggingarleyfisumsókn kæranda. Verður því einungis tekin afstaða til lögmætis hinnar kærðu ákvörðunar.

Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 15. ágúst 2023 að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa frá 3. s.m. Í umsögninni kom m.a. fram að lóð Drápuhlíðar 2 væri í skilgreindri íbúðarbyggð samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, ekkert deiliskipulag væri í gildi á svæðinu en unnið væri að hverfisSKIPulagi. Til væri uppdráttur af svæðinu frá 1945 þar sem sýnd væri einföld innkeyrsla og bílskúr á lóðinni en uppdrátturinn hefði ekkert skipulagslegt gildi. Á gildandi mæliblaði og samþykktum aðaluppdráttum væri á hinn bóginn ekki gert ráð fyrir bílastæðum, innkeyrslu eða bílskúr á lóðinni. Þá kom og fram í umsögninni að almennt væri ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt væri eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að ekið væri yfir gangstétt að óþörfu. Í gildandi aðalskipulagi væri sömuleiðis almennt leiðarstef að draga úr notkun einkabílsins og fækka bílastæðum. Líta þyrfti til þess að fyrirhuguð staðsetning bílastæða væri þannig að ekki einungis þyrfti að bakka yfir gangstétt heldur einnig út á hraðahindrun sem fæli í sér augljósa slyshættu fyrir gangandi vegfarendur, sérstaklega börn. Hraðahindrunin væri jafnframt gönguleið yfir Drápuhlíð við gatnamót Reykjahlíðar. Þá myndi ljósastaur og umferðarskilti „þrengja sömuleiðis mjög aðkomuna að þeim og takmarka beygjuradíusinn þegar bakka þarf úr stæðunum“ sem auki á slyshættuna. Væri því tekið neikvætt í erindið.

Hin neikvæða afstaða skipulagsfulltrúa byggðist fyrst og fremst á sjónarmiðum um umferðaröryggi. Verður að líta svo á að byggingarfulltrúi hafi gert þau sjónarmið að sínum þegar hann synjaði leyfisumsókn kæranda með vísan til umsagnarinnar. Verður að telja þau sjónarmið málefnaleg og að virtum staðháttum svæðisins, þ.e. að bílastæðin eru við gönguþverun Drápuhlíðar og þar sem ljósastaur og umferðarskilti þrengja að beygjuni, þykja ekki efni til að hnekkja því mati byggingarfulltrúa. Hefur Reykjavíkurborg við meðferð þessa kærumáls enn fremur vísað til gr. 12.10.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er kveður m.a. á um að aðkoma að bílastæðum skuli þannig staðsett og frágengin að aðgengi sé auðvelt öllum og ekki skapist slyshætta á svæðinu. Þrátt fyrir að betur hefði farið á því að vísa til reglugerðarákvæðisins við synjun umsóknarinnar verður að fallast á með borgaryfirvöldum að hin umsotta framkvæmd sé ekki í samræmi við ákvæðið. Liggja því bæði lögmæt og málefnaleg sjónarmið að baki ákvörðun byggingarfulltrúa.

Kærendur telja að byggingarfulltrúa hafi borið að afgreiða umsókn þeirra með hliðsjón af umsögn skipulagsfulltrúa frá 5. júlí 2022, en í henni var tekið jákvætt í framkvæmdaáform kæranda og leiðbeint um að sækja þyrfti um byggingarleyfi sem yrði grenndarkynnt. Á grundvelli þeirrar umsagnar hófu kærendur vinnu við að útbúa byggingarleyfisumsókn og í kærðu er bent á að sú vinna hafi kostað umtalsvert. Svo sem fram kemur í síðari umsögn skipulagsfulltrúa var fyrri umsögnin dregin til baka þar sem í henni hafi ekki verið horft nægilega vel til aðstæðna í nágrenninu. Verður að telja að skipulagsfulltrúa hafi verið heimilt að endurskoða umsögn sína enda byggði sú endurskoðun á málefnalegum sjónarmiðum eins og fram hefur komið. Hvað varðar hugsanlegt tjón kæranda vegna réttmætra væntinga þá fellur umfjöllun um slíkt álítaefni utan valdheimilda úrskurðarnefndarinnar, en gæti eftir atvikum átt undir lögsögu dómstóla.

Kærendur vísa til þess að á lóðinni Blönduhlíð 1 hafi verið gert 8 m breitt bílastæði með innkeyrslu frá Eskihlíð, en sú framkvæmd hafi ekki verið grenndarkynnt. Telja kærendur að þeir eigi að njóta sömu réttinda. Jafnræðisreglu íslensks stjórnisýsluréttar er að finna í 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, en í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Í reglunni felst að óheimilt er að mismuna aðilum sem eins er ástatt um og að sambærileg mál ber að afgreiða á sambærilegan hátt. Ekki verður talið að hin kærða synjun byggingarfulltrúa hafi falið í sér brot á jafnræðisreglunni þar sem aðstæður á lóðunum tveimur eru ekki sambærilegar. Þar að auki liggur ekki fyrir að leyfi hafi verið veitt fyrir stæði á lóð Blönduhlíðar 1.

Með hliðsjón af framangreindu verður kröfu um ógildingu hinnar kærður ákvörðunar hafnað.

#### Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 15. ágúst 2023 að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur bílastæðum og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.

---

Ómar Stefánsson (sign)

---

Aðalheiður Jóhannsdóttir (sign)

---

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)